

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Blönduósbæ.

Í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Blönduósbæjar samþykkt deiliskipulag við Norðurlandsveg fyrir athafna- og iðnaðarsvæði, verslun og þjónustu og þjónustustofnun.

Deiliskipulagið tekur til um 10 ha svæðis vestan Norðurlandsvegar við aðkomuna að bænum að sunnanverðu. Ein athugasemd barst, sem tók til fjarlægðarmarka við veltengingu og helgunarsvæðis Norðurlandsvegar. Sveitarstjórn Blönduósbæjar samþykkti deiliskipulagið þann 3. desember 2014 með þeirri breytingu að nú fullnægir það skilyrðum vegalaga nr. 80/2007.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Blönduósi, 20. janúar 2015.

Bjarni Þór Einarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2015